

8. gr.

Reglur þessar, eru settar samkvæmt ákvæðum 20. gr. laga nr. 136/1997 um háskóla og öðlast gildi 1. janúar 2000.

*Menntamálaráðuneytinu, 5. október 1999.*

**Björn Bjarnason.**

*Guðríður Sigurðardóttir.*

## AUGLÝSING

### um umferð á Akureyri.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Akureyrar eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Akureyri:

Hámarkshraði verður 30 km í hverfi sem afmarkast af Kaupvangsstræti í norðri, Þórunnarstræti í vestri, Þórunnarstræti (Naustavegi) í suðri og Drottningarbraut í austri.

Skólastígur:

Bifreiðastöður verða bannaðar beggja vegna Skólastígs frá Hrafnagilsstræti í suðri og að beygju við hús nr. 13 við Skólastíg.

Eyrarlandsvegur:

Bifreiðastöður verða bannaðar austan og norðan við Eyrarlandsveg frá Kaupvangsstræti að Hrafnagilsstræti.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð á Akureyri sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

*Sýslumaðurinn á Akureyri, 1. október 1999.*

**Björn Jósef Arnviðarson.**